

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 17. janúar 2017 samþykkt þrjár breytingar á deiliskipulagi:

*Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæða sunnan Glerár.*

Breytingin felur í sér að Tangabryggja á Oddeyrartanga er lengd til suðurs um 213 m og Oddeyrarbryggja lengd til austurs um 20 m að Tangabryggju.

*Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, 2. áfanga.*

Breytingin felur í sér að á lóð nr. 8 við Þrumutún hækkar hámarksbyggingarmagn úr 300 m<sup>2</sup> í 338 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þær þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Hagahverfis.*

Breytingin felur í sér að á lóð nr. 8 við Geirþrúðarhaga hækkar nýtingarhlutfall úr 0,43 í 0,48.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 19. janúar 2017,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.